



COUR EUROPÉENNE DES DROITS DE L'HOMME
EUROPEAN COURT OF HUMAN RIGHTS

ÖNNUR AÐALDEILD

MÁL KJARTANS ÁSMUNDSSONAR gegn ÍSLANDI

(Kæra nr. 60669/00)

DÓMUR

STRASBOURG

12. október 2004

Dómur þessi verður endanlegur með þeim hætti sem kveðið er á um í 2. mgr. 44. gr. samningsins. Texti hans kann að sæta breytingum ritsjóra.

Í máli Kjartans Ásmundssonar gegn Íslandi

kveður Mannréttindadómstóll Evrópu (önnur aðaldeild), skipaður sem deild sem í eiga sæti:

- hr. J.-P. COSTA, *forseti*,
- hr. A. B. BAKA,
- hr. K. JUNGWIERT,
- hr. V. BUTKEVYCH,
- frú W. THOMASSEN,
- hr. M. UGREKHELIDZE, *dómarar*,
- hr. DAVÍÐ ÞÓR BJÖRGVINSSON, *setudómari*,
- og frú S. DOLLÉ, *ritari aðaldeilda*,

eftir að hafa fjallað um málið á lokuðum fundi 14. september 2004, upp eftirfarandi dóm, sem samþykktur hafði verið á þeim degi.

MÁLSMEDFERÐ

1. Upphaf máls þessa er kæra (nr. 60669/00) sem Kjartan Ásmundsson („kærandi“), sem er íslenskur ríkisborgari, lagði fram gegn Íslandi samkvæmt 34. gr. Samnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis („samningsins“) hinn 31. maí 2000.

2. Fr. Lilja Jónasdóttir, lögmaður í Reykjavík, fór með fyrirvar fyrir kæranda. Frú Björg Thorarensen var í fyrirvari fyrir íslenska ríkið („ríkið“) sem umboðsmaður þess.

3. Kærandi taldi að með ákvörðun, sem tekin hafði verið samkvæmt nýjum lögum, um að hætta greiðslu örorkulífeyris sem hann hafði þegið frá Lífeyrissjóði sjómanna í tæpa tvo áratugi frá því er hann varð fyrir vinnuslysi um borð í togara á árinu 1978, hefði verið brotið gegn 1. gr. viðauka nr. 1 við samninginn, bæði sjálfstætt og í samhengi við 14. gr. hans.

4. Kærunni var úthlutað til annarrar aðaldeilda dómstólsins (skv. 1. mgr. 52. gr. starfsreglna hans). Innan þeirrar aðaldeilda var sú deild sem fjalla skyldi um málið (sbr. 1. mgr. 27. gr. samningsins) skipuð eins og kveðið er á um í 1. mgr. 26. gr. starfsreglna.

5. Hinn 1. nóvember 2001 breytti dómstóllinn skipan aðaldeilda sinna (1. mgr. 25. gr. starfsreglna). Var þessu máli úthlutað til hinnar nýstofnuðu annarrar aðaldeilda (1. mgr. 52. gr. starfsreglna).

6. Með ákvörðun sinni hinn 28. janúar 2003 lýsti dómstóllinn kærana tæka til meðferðar.

7. Bæði kærandi og ríkið lögðu fram athugasemdir um efnishlið málsins (1. mgr. 59. gr. starfsreglna). Er deildin hafði ákveðið að höfðu samráði við aðilana að ekki væri þörf á málflutningi um efnisatriði (lokaákvæði 3. mgr. 59. gr. starfsreglna) svöruðu þeir athugasemdum hvers annars skriflega. Kjörinn dómari fyrir Ísland, hr. Gaukur Jörundsson, vék sæti í málinu (28. gr. starfsreglna). Ríkið skipaði því hr. Davíð Þór Björgvinsson sem setudómara (2. mgr. 27. gr. sammingsins og 1. mgr. 27. gr. starfsreglna).

MÁLSATVIK

I. AÐDRAGANDI OG AÐSTÆÐUR

8. Kærandi, Kjartan Ásmundsson, er íslenskur ríkisborgari, fæddur árið 1949 og búsettur í Reykjavík.

Árið 1969, er hann var tvítugur, lauk hann yfirmannsnámi í Sjómannaskólanum og gerðist sjómaður. Því starfi hélt hann áfram til 1978, þegar hann varð fyrir alvarlegu vinnuslysi um borð í togara. 200 kg steinstykki slóst í hægri fót hans og olli opnu beinbroti á ökkla. Hann varð því að hætta störfum sem sjómaður. Örorka hans var metin 100%, en það veitti honum rétt á örorkulífeyri frá Lífeyrissjóði sjómanna („lífeyrissjóðnum“), sem hann hafði greitt iðgjöld til með hléum frá 1969 og fram til 1981. Örorkumatið var framkvæmt eftir gildandi viðmiðum samkvæmt 1. og 4. mgr. 13. gr. laga um lífeyrissjóð sjómanna, nr. 49/1974, einkum þeim, að bótakrefjandi væri ekki fær til að gegna starfi því er hann hafði gegnt, að aðild hans að sjóðnum hefði verið ætlað að bæta honum það, og að hann hefði orðið fyrir orkutapi (er næmi a.m.k. 35%).

Örorka kæranda var reglulega metin af trúnaðarlækni lífeyrissjóðsins, og var hún í hvert sinn talin 100% miðað við hið fyrra starf.

9. Eftir slysið fór kærandi til starfa hjá flutningafyrirtækinu Samskipum hf, og starfar hann þar enn sem yfirmaður kröfudeildar.

A. Lagabreytingar sem leiddu til þess að kærandi tapaði lífeyrisrétti sínum.

10. Árið 1992 var áðurgeindum lögum, nr. 49/1974, breytt með 5. og 8. gr. laga nr. 44/1992. Breyttist þá talsvert sá grundvöllur sem örorkumat skyldi byggt á, því að matið skyldi nú ekki byggt á vanhæfni til að gegna áfram sama starfi, heldur vanhæfni til almennra starfa. Hin nýju ákvæði höfðu verið lögfest að frumkvæði lífeyrissjóðsins og með tilliti til fjárhagserfiðleika hans (samkvæmt endurskoðun nam halli á sjóðnum í ársbyrjun 1990 a.m.k. 20.000.000.000 kr.). Sjóðurinn beitti hinum nýju

reglum ekki aðeins gagnvart fólki sem krafist örorkulífeyris eftir gildistöku þeirra, heldur einnig gagnvart fólki sem þegið hafði örorkubætur fyrir það tímamark.

11. Samkvæmt 5. gr. átti ofangreind breyting á matsviðmiðum ekki að koma til framkvæmda gagnvart fólki sem þegar naut örorkulífeyris fyrr en að liðnum fimm árum frá gildistöku laga nr. 44/1992.

12. Löggiltur lífeyrissjóðslæknir mat nú aftur örorku kæranda samkvæmt hinum nýju reglum, og taldi hann vanhæfni hans til almennra starfa nema 25%, sem næði þannig ekki hinu 35% lágmarki. Frá og með 1. júlí 1997 hætti því lífeyrissjóðurinn að greiða kæranda þann örorkulífeyri, ásamt barnalífeyri sem honum tengdist, sem hann hafði notið æ síðan hann varð fyrir slysinu árið 1978.

13. Samkvæmt upplýsingum sem ríkið aflaði frá lífeyrissjóðnum og lagði fyrir dóminn var kærandi einn 336 sjóðfélaga sem nutu örorkulífeyris í júní 1992 samkvæmt bráðabirgðaákvæðinu í 5. gr. laga nr. 44/1992 (sjá 21. lið hér að neðan). 1. júlí 1997 var heildarfjöldi þeirra sem nutu örorkubóta 689. Meðal þeirra var fólk sem ekki hafði öðlast rétt til örorkulífeyris fyrr en eftir að lög nr. 44/1992 komu til framkvæmda í júní það ár. Málefni hinna ofangreindu 336 örorkulífeyrisþega sem höfðu öðlast rétt sinn til örorkulífeyris fyrir það tímamark og enn nutu örorkulífeyris árið 1996 voru athuguð seint á árinu 1996 og á fyrri hluta ársins 1997 með tilliti til getu þeirra til að stunda almenn störf. Lífeyrisgreiðslur til 104 þeirra voru skertar í júlí 1997 í ljósi hinna nýju reglna um örorkumat í lögum nr. 44/1992. Almenn starfsgeta 54 sjóðfélaga, þar á meðal kæranda, var ekki talin ná því 35% lágmarki sem lögin mæltu fyrir um til að rétti til örorkulífeyris væri haldið, og var lífeyrisgreiðslum því hætt. Metin örorka 29 sjóðfélaga var lækkuð úr 100% í 50%, og 21 sjóðfélaga úr 100% í 65%.

14. Kærandi höfðaði mál á hendur lífeyrissjóðnum og til vara gegn bæði honum og íslenska ríkinu, og vefengdi þar þá ákvörðun sjóðsins að hætta greiðslum til hans. Með dómi 12. maí 1999 sýknaði Héraðsdómur Reykjavíkur stefndu.

15. Kærandi áfrýjaði til Hæstaréttar, sem staðfesti dóm héraðsdóms 9. desember 1999.

16. Hæstiréttur féllst á að lífeyrisréttur kæranda samkvæmt lögum nr. 49/1974 væri verndaður af viðeigandi ákvæðum stjórnarskrár Íslands um vernd eignarréttar. Hann taldi þó að þær ráðstafanir sem gerðar voru með lögum nr. 44/1992 hefðu réttlætst af fjárhagserfiðleikum sjóðsins. Hæstiréttur sagði:

„Lífeyrisréttur sá, sem áfrýjandi hafði áunnið sér samkvæmt lögum nr. 49/1974 naut verndar þágildandi 67. gr. stjórnarskrárinnar, nú 72. gr., sbr. 10. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 97/1995. Þau réttindi urðu ekki af honum tekin nema með skýlausri lagaheimild. Ekki verður talið, að í 8. gr. laga nr. 49/1974 hafi falist heimild fyrir stjórn [lífeyrissjóðsins] til skerðingar bótaákvæðanna, en það varð aðeins gert með skýlausu lagaákvæði. Ekki verður heldur á það fallist, að í orðalagi 1. mgr. 13. gr.

laga nr. 49/1974 hafi falist, að sjóðfélagi ætti ekki skýlausan rétt til þess, að örorkumat væri miðað við hæfni hans til að stunda fyrra starf.

Gögn málsins sýna, að mikill hallarekstur var á sjóðnum og við árslok 1989 vantaði rúma 20 milljarða króna til þess að höfuðstóll sjóðsins ásamt verðmæti væntanlegra iðgjalda nægði fyrir skuldbindingum hans, ef reiknað var með 3% ársávöxtun. Til þess að mæta þessum mikla halla óskaði stjórn sjóðsins eftir því, að gerðar yrðu breytingar á lögum um sjóðinn. Það er ljóst, að málefnalegar forsendur lágu að baki þeim skerðingum lífeyrisréttinda, sem lög nr. 44/1992 höfðu í för með sér. Þótt þau lög hefðu verið felld úr gildi með lögum nr. 94/1994, breytir það því ekki, að réttarstaða áfrýjanda var þegar ákveðin með lögum nr. 44/1992. Tekið er undir með héraðsdómi, að lög nr. 94/1994 voru ekki gild lagaheimild um breytingar á réttindum, sem sjóðfélagi hafði áunnið sér í gildistíð eldri laga.

Sú skerðing, sem fólst í lögum nr. 44/1992, var almenn þar sem hún tók á sambærilegan hátt til allra, sem nutu eða gátu notið örorkulífeyris, en fimm ára aðlögunarfrestur gildi jafnt um alla sjóðfélaga, eins og að framan greinir. Hefur jafnræðis verið gætt um þá sem sambærilegir geta talist...”

B. Tekjutap kæranda

17. Hinn 1. júlí 1997 hafði kærandi misst af lífeyrisréttindum (örorkulífeyri og barnalífeyri) að fjárhæð kr. 12.637.600. Hann setti fram eftirfarandi sundurliðun á þeirri tölu:

Höfuðstólsverðmæti, þegar gert er ráð fyrir kr. 61.356 pr. mánuð í lífeyri fyrir stefnanda fram til 65 ára aldurs: Kr. 9.373.300

Höfuðstólsverðmæti barnalífeyris miðað við sömu forsendur, fram til 18 ára aldurs barnanna:

Kristinn	júlí 1997 – mars 1998	kr. 136.100
Anna Margrét	júlí 1997- ágúst 2006	kr. 1.469.600
Ásmundur	júlí 1997- janúar 2009	kr. 1.658.600
Samtals		kr. 12.637.600

18. Kærandi veitti eftirfarandi upplýsingar um tekjur sínar á árinu 1997 og síðar:

1997	kr. 2.789.995
1998	kr. 3.305.268
1999	kr. 3.454.445
2000	kr. 3.774.248
2001	kr. 4.187.987

2002 kr. 4.558.248

Samtals kr. 22.050.191

19. Kærandi hefur einnig lagt fram tölulegar upplýsingar úr könnun á launum sjómanna, fengnar hjá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands:

„Almennur sjómaður“	Fyrsti stýrim.	Annar stýrim.	Skipstjóri	
1997	5.153.424	6.441.780	7.730.137	10.306.849
1998	5.580.795	6.975.994	8.371.193	11.161.590
1999	6.166.029	7.707.537	9.249.044	12.332.059
2000	5.949.075	7.436.344	8.923.613	11.898.150
2001	6.415.252	8.019.064	9.622.877	12.830.503
2002	5.654.756	7.068.445	8.482.134	11.309.513
Total	34.919.332	43.649.164	52.378.997	69.838.663
Tekjur kæranda af skrifstofustörfum:				
	22.050.191	22.050.191	22.050.191	22.050.191
Mismunur	12.869.141	21.598.973	30.328.806	47.788.472

II. ÁKVÆÐI VIÐEIGANDI LANDSLAGA

20. Að því leyti sem hér skiptir máli voru 1. og 4. mgr. 13. gr. laga um lífeyrissjóð sjómanna, nr. 49/1974, áður svohljóðandi:

„1. Hver sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins undanfarin 3 almanaksár og a.m.k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum, á rétt á örorkulífeyri, ef hann verður fyrir orkutapi, er tryggingaryfirlæknir metur 35% eða meira. Örorkumat þetta skal aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna starfi því, er hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd. Þrátt fyrir örorku á enginn rétt á örorkulífeyri, meðan hann heldur fullum launum fyrir starf það, er hann gegndi, eða fær jafnhá laun fyrir annað starf, sem veitir lífeyrissjóðsréttindi, og aldrei skal lífeyrir vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi, sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar. [...]

4. Skylt er öryrkja, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur slíks lífeyris, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt og atvinnutekjur, sem nausynlegar eru til að dæma um rétt hans til lífeyris.“

Samkvæmt 3. mgr. 15. gr. laganna frá 1974 átti kærandi rétt á barnalífeyrisgreiðslum.

21. 5. gr. laga nr. 44/1992 var áður svohljóðandi:

„Örkumat örorkulífeyrisþega, sem nýtur bóta fyrir gildistöku laga þessara, skal fyrstu fimm árin eftir gildistöku laganna miða við vanhæfni sjóðfélaga til þess að gegna starfi því er hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd en eftir það skal miða við vanhæfni til almennra starfa. Þó skal breyting á barnalífeyri örorkulífeyrisþega vegna áhrifa ákvæðis 8. gr. laga þessara ekki koma til framkvæmda fyrir en fimm árum eftir gildistöku þeirra.“

22. Lög 94/1994 komu í stað laga nr. 49/1974 eins og þeim hafði verið breytt með lögum nr. 44/1992, og öðluðust gildi 1. september 1994. Öll ákvæði um grundvöll örorkulífeyris og barnalífeyris voru numin úr lögunum og felld inn í reglugerð um lífeyrissjóð sjómanna, sem einnig öðlaðist gildi 1. september 1994. Að áliti ríkisins hafði þetta engin áhrif hvað snerti kæranda sérstaklega, því að bráðabirgðareglan í lögum nr. 44/1992 tók áfram til hans, allt til 1. júlí 1997. Kærandi hélt því fram að bráðabirgðareglan hefði verið felld úr gildi 1. september 1997.

LAGAATRÍÐI

I. MEINT BROT Á 1. GR. SAMNINGSVIÐAUKA NR. 1 OG Á 14. GR. SAMNINGSINS

23. Kærandi kvartaði undan því að með því að réttur hans til örorkulífeyris hefði verið felldur niður hefði verið brotið gegn 1. gr. samningsviðauka nr. 1, bæði sjálfstætt og í samhengi við 14. gr. samningsins. Greinar þessar eru svohljóðandi:

1. gr. samningsviðauka nr. 1

„Öllum mönnum og lögaðilum ber réttur til að njóta eigna sinna í friði. Skal engan svipta eign sinni, nema hagar almennings þjóði og gætt sé ákvæða í lögum og almennra meginreglna þjóðaréttar.

Eigi skulu þó ákvæði undanfarandi málsgreinar á nokkurn hátt rýra réttindi ríkis til þess að fullnægja þeim lögum sem það telur nauðsynleg til þess að geta haft hönd í bagga um notkun eigna í samræmi við hagar almennings eða til þess að tryggja greiðslu skatta eða annarra opinberra gjalda eða viðurlaga.“

14. gr. samningsins

„Réttindi þau og frelsi, sem lýst er í samningi þessum, skulu tryggð án nokkurs manngreinarálits, svo sem vegna kynferðis, kynþáttar, litarháttar, tungu, trúarbragða, stjórn mála- eða annarra skoðana, þjóðernis eða þjóðfélagsstöðu, tengsla við þjóðernisminnihluta, eigna, uppruna eða annarrar stöðu.“

24. Ríkið taldi þessa ásökun ekki á rökum reista og fór þess á leit að dómstóllinn kæmist að þeirri niðurstöðu í málinu að brot hefði ekki verið framið.

A. Meint brot á 1. gr. samningsviðauka nr. 1

1. Kærandi

25. Kærandi taldi að 1. gr. samningsviðauka nr. 1 tæki til lífeyrisréttinda hans, og að þær ráðstafanir sem gerðar hefðu verið í landinu og sviptu hann þeim réttindum hefðu falið í sér skerðingu á rétti hans til að njóta eigna sinna í friði í merkingu þess ákvæðis.

26. Kærandi hélt því enn fremur fram að svipting lífeyrisréttar hans hefði, andstætt 72. gr. (áður 67. gr.) íslensku stjórnarskrárinnar, ekki byggst á neinu skýru og ótvíræðu ákvæði í landslögum. Raunar hefði sú ráðstöfun verið gerð án nokkurrar lagaheimildar. Afturvirk beiting hinna nýju reglna hefði byggst á bráðabirgðaákvæði sem hefði verið numið úr gildi þremur

árum áður en stjórnvöld ákváðu, í júní 1997, að fella niður lífeyri hans. Þannig hefði ólöglega verið gripið inn í rétt hans til að njóta eigna sinna í friði.

27. Að áliti kæranda var ekki um að ræða nein rökræn trengsl milli skerðingarinnar og tilgangs hennar. Samkvæmt þeim tölum sem ríkið lét í té hefðu 689 manns notið örorkulífeyris frá sjóðnum á þeim tíma sem hér skiptir máli. Kærandi hefði verið einn af 54 sem misst hefðu lífeyrisréttindi sín við þessar aðstæður, sáralitlum hóp sem aðeins hefði numið um 0,1% af heildarfjölda sjóðfélaga, sem á síðasta ári hefðu verið 38.584. Hvernig sem á væri litið kæmu þær takmarkanir sem gerðar hefðu verið aðeins við mjög þröngan hóp, og væri alls ekki hægt að telja þær hafa orðið sjóðnum til neins verulegs fjárhagslegs gagns eða hafa þjónað markmiðum sjóðsins.

28. Lífeyrisréttindi annarra sjóðfélaga hefðu ekki verið látin sæta sambærilegri skerðingu. Ekki væri unnt að segja hina umdeildu ráðstöfun almenns eðlis, sem beinst hefði að ótilgreindum hóp í samræmi við jafnræðisregluna. Ekki væri nein réttarhefð fyrir því á Íslandi að svipta lífeyrisþega lífeyri sínum án þess að greiða þeim bætur.

29. Kærandi mótmælti þeirri ætlan ríkisins að 100% örorka hans til starfa við sjómennsku hefði ekki áhrif á möguleika hans til að afla tekna sér til framfæris með vinnu í landi. Kærandi kvaðst hafa unnið í landi frá 1978, en þar sem örorka hans hefði skert atvinnumöguleika hans tilfinnanlega hefði hann verið ráðinn til skrifstofustarfa á launum sem einungis væru brot af því sem hann hefði aflað sér á sjó. Jafnvel þótt hann hefði áfram notið lífeyris hefðu heildartekjur hans verið talsvert minni en þær sem hann hefði notið sem sjómaður.

30. Kærandi lagði áherslu á að tekjur hans skiptu hér ekki máli. Með hinum umdeildu ráðstöfunum hefði hann verið algerlega sviptur rétti sínum til örorkulífeyris. Það hefði verið gert jafnvel þótt hann hefði verið atvinnulaus. Framfærsla hans hefði verið algerlega háð því að hann héldi skrifstofustarfi sínu í landi.

31. Að lokum andmælti kærandi eindregið því sjónarmiði ríkisins, að þar sem greiðslu örorkulífeyris hefði undir venjulegum kringumstæðum verið hætt með vísan til 13. gr. laganna frá 1974 samkvæmt þeim reglum sem sjóðurinn starfaði eftir, vegna þess hversu háar atvinnutekjur hans voru, hefði hann ekki beðið neitt fjárhagslegt tjón. Að því er kæranda hafi verið kunnugt voru engar slíkar reglur sem unnt var að fá vitneskju um í gildi á þeim tíma sem hér skiptir máli. Allar reglur þess efnis hefðu reyndar verið ósamrýmanlegar gildandi lögum. Staðreyndin væri sú að hann hefði notið mun hærri tekna hefði hann haldið áfram störfum sem sjómaður. Hann hefði hvorki haldið fullum launum miðað við það starf sem hann áður gegndi, né jafnháum launum fyrir annað starf. Þetta sýndu þær tölur ljóslega sem hann hefði lagt fyrir dómstólinn, og sem ríkið hefði ekki mótmælt.

2. Ríkið

32. Ríkið andmælti því sem kærandi hélt fram. Umræddar lagabreytingar hefðu augljóslega verið rökræn og nauðsynleg afleiðing af fjárhagsstöðu sjóðsins á þeim tíma sem máli skipti. Tilgangur þeirra var að þjóna almennum hagsmunum sjóðfélaganna, og hefðu þær verið löglega gerðar. Lagði ríkið áherslu á að sú ákvörðun að taka upp ný viðmið til örorkumats gildi með hlutlægum hætti um alla þá sem í sömu stöðu voru.

Breytingarnar hefðu verið gerðar að frumkvæði stjórnar sjóðsins, sem skipuð var fulltrúum vinnuveitenda og starfsmanna, þar á meðal frá því verkalýðsfélagi sem kærandi var í.

Ómótmælanlega væri það tilgangur örorkulífeyrisgreiðslna frá sjóðnum að veita þeim fjárhagsstuðning sem þjuggu við skerta starfsgetu og þöfnuðust sérstakrar aðstoðar sér til framfærslu. Þegar máli skipti væri örorkulífeyrisþegum veittur frestur til að laga sig að breyttum aðstæðum, svo sem með því að þeim væri séð fyrir endurmenntun, hvort sem þeir hefðu farið að njóta örorkulífeyris fyrir eða eftir gildistöku hinna nýju laga.

33. Ríkið viðurkenndi að í hinni umdeildu ráðstöfun fælist skerðing á rétti kæranda til að njóta eigna sinna í friði, í skilningi 1. mgr. 1. gr. samningsviðauka nr. 1. Hins vegar var talið af þess hálfu að skerðingin réttlættist af 2. mgr. þeirrar greinar. Um skerðinguna væri mælt í lögum, hún væri í samræmi við almenna hagsmuni samfélagsins, og eðlileg tengsl væru milli hennar og þeirra hagsmuna sem verið væri að gæta.

34. Ríkið lagði áherslu á að kærandi héldi fullum rétti sínum til ellilífeyris úr lífeyrissjóðnum.

35. Almenn bótasjónarmið hlytu að gilda um rétt til örorkulífeyris, þar á meðal sú grundvallarregla skaðabótaréttar að bótakrefjanda bæri að bæta tjón hans að fullu, en ekki umfram það. Komið hefði í ljós hjá Lífeyrissjóði sjómanna að allmargir fyrrverandi sjómenn, sem greitt höfðu iðgjöld til sjóðsins og ekki voru lengur taldir geta starfað á sjó vegna örorku, hefðu notið örorkulífeyris frá sjóðnum þó að þeir væru í fullri vinnu í landi. Einn þeirra væri kærandi. Hann væri í fullu starfi í landi og ynni þannig fyrir tekjum sér til viðurværis, en samkvæmt hinum fyrri reglum nyti hann einnig fulls örorkulífeyris.

36. Þegar í ljós hafði verið leitt með þeim aðferðum sem mælt er fyrir um í lögum, samkvæmt 8. gr. laga nr. 49/1974, að rekstrarhalli væri á Lífeyrissjóði sjómanna, hefði það verið fyrsta skylda stjórnar sjóðsins að draga úr kostnaði eða að koma í veg fyrir hann, svo sem greiðslur örorkulífeyris til manna sem ekki höfðu orðið fyrir neinu tekjutapi þrátt fyrir skerta vinnugetu, þegar sýnt hefði verið fram á að þeir gætu starfað við annað en sjómennsku.

Þessar aðgerðir, sem ullu því að kærandi átti ekki lengur rétt á örorkulífeyri, hefðu ekki gengið lengra en nauðsynlegt var til að ná hinum tilætluðu markmiðum. Rétt væri að þær hefðu aðeins fellt niður réttindi þeirra sjóðfélaga sem ekki gátu lengur unnið við sjómennsku, en það hefði verið gert með slíkum hætti að menn í þeim hópi áttu þess fullan kost að

afla sér tekna í landi, og reyndar hefði meiri hluti þeirra aflað sér tekna þannig.

37. Ríkið andmælti eindregið því sjónarmiði kæranda að hann hefði með réttu getað búist við að njóta óskerts örorkulífeyris úr lífeyrissjóði sínum næstu 20 ár auk þess að njóta tekna af fullri vinnu, og að fjárhagsáætlanir hans fyrir framtíðina hefðu byggst á því. Bent var á af þess hálfu að réttindi kæranda hefðu aldrei verið skilyrðislaus á þann hátt sem hann hélt fram, og að lög um lífeyrissjóð sjómanna nr. 49/1974 hefðu ekki veitt honum neina réttlætingu fyrir að treysta á slíkt. Enda þótt engar breytingar hefðu verið gerðar á þeim lögum myndi kærandi hafa misst rétt sinn til lífeyris vegna þess skilyrðis sem fram kæmi í lok 1. mgr. 13. gr. Þar væri skýrt tekið fram að enginn ætti rétt á örorkulífeyri sem fengi jafnhá laun fyrir annað starf sem lífeyrisréttindi veitir, og lífeyrir skyldi aldrei vera hærri en sem næmi þeim tekjumissi, sem sjóðfélaginn hefði sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar. Meðan á lífeyrisgreiðslum stóð og allt til 1. júlí 1997 hefði Lífeyrissjóður sjómanna engar upplýsingar haft um atvinnutekjur kæranda, þrátt fyrir skyldu lífeyrisþega samkvæmt 4. mgr. 13. gr. laganna að veita slíkar upplýsingar. Meðan lögin voru í gildi hafi lífeyrissjóðurinn ekki fylgst með því af eigin rammleik hvort örorkulífeyrisþegar hefðu launatekjur um leið og þeir nutu lífeyris. Til dæmis hefði þess ekki verið krafist að örorkulífeyrisþegar leggðu skattframtöl sinn fyrir lífeyrissjóðinn. Sennilega hefði bótaréttur kæranda þegar verið fallinn niður fyrir 1. júlí 1997, og út frá þeim upplýsingum sem kærandi hefði veitt um tekjur sínar sem deildarstjóri hjá Samskipum eftir 1. júlí 1997 (sbr. bréf hans til dómstólsins dags. 12. júní 2003), væri unnt að fullyrða að hann ætti ekki rétt til lífeyris eftir það tímamark.

38. Ríkið hafnaði því sjónarmiði að aðrir sjóðfélagar hefðu sætt annars konar meðferð en kærandi að því er varðar réttindaskerðingu, þannig að brotið hefði verið gegn 1. mgr. 1. gr. samningsviðauka nr. 1 í samhengi við 14. gr. samningsins. Margir sjóðfélagar hefðu verið í svipaðri eða sömu stöðu og kærandi.

Ríkið lagði áherslu á að þeir sjóðfélagar sem þegar hefðu notið örorkulífeyris hefðu alls ekki verið teknir út fyrir heildina sem sem lítill og afmarkaður hópur bótaþega er bera ætti allan þungann af fjárhagserfiðleikum sjóðsins. Margar og margvíslegar breytingar hefðu verið gerðar á lögum og reglugerðum um sjóðinn í þeirri viðleitni hans að koma fjármálum hans á traustan grundvöll og hefðu lög nr. 44/1992 verið liður í þeirri viðleitni, en þær hefðu áhrif á alla sjóðfélaga með einhverjum hætti. Á árinu 1994 hefðu þannig lög nr. 94/1994 og reglugerðir settar samkvæmt þeim haft í för með sér umtalsverðar breytingar á réttindum bæði þáverandi og mögulegra bótaþega. Breytt hefði verið rétti sjóðfélaga á aldrinum 60-65 ára til ellilífeyris, og dregið verulega úr honum. Breytingarnar hefðu einnig fært reglur Lífeyrissjóðs sjómanna um ellilífeyri

til samræmis við reglur annarra íslenskra lífeyrissjóða, þar sem réttur til ellilífeyris hófst almennt við 65 ára aldur.

Ljóst væri af þeim tölum sem fram hefðu verið lagðar (sjá 13. lið hér að ofan) að hinar nýju reglur, sem byggðar væru á almennum, hlutlægum, og síðast en ekki síst algerlega málefnalegum forsendum, höfðu haft áhrif hvað snertir hartnær 30% allra sjóðfélaga sem öðlast höfðu rétt til örorkulífeyrisgreiðslna áður en lög nr. 44/1992 komu til framkvæmda, og að þær hefðu haft nákvæmlega sömu afleiðingar fyrir alla þá sem í sambærilegri stöðu voru.

3. Álit dómstólsins

39. Rétt er að taka enn fram að 1. gr. samningsviðauka nr. 1, sem að efni til tryggir eignaréttinn, felur í sér þrjár aðskildar reglur (sjá *James o. fl. gegn Bretlandi*, dómur 21. febrúar 1986, flokkur A 98 bls. 29-30, 37. lið). Sú fyrsta, sem fram kemur í fyrstu setningu 1. mgr. og er almenns eðlis, kveður á um rétt til að njóta eigna í friði. Önnur regla, sem fram kemur í annari setningu þeirrar málsgreinar, tekur til sviptingar eigna og bindur hana vissum skilyrðum. Sú þriðja, sem fram kemur í 2. mgr., viðurkennir rétt samningsríkja til þess, meðal annars, að hafa stjórn á nýtingu eigna í samræmi við almannahagsmunum. Aðra og þriðju reglu, sem varða sérstök tilfelli þar sem gripið er inn í rétt manna til að njóta eigna sinna í friði, ber að skýra með hliðsjón af hinni fyrstu, sem er meginregla.

Samkvæmt fordæmisrétti stofnana samningsins geta framlög í lífeyrissjóð við vissar aðstæður myndað eignarrétt, og sá háttur sem hafður er á greiðslum úr sjóðnum kann að hafa áhrif á þann rétt (sjá *Bellet, Huertas og Vialatte gegn Frakklandi* (ákvörðun), nr. 40832/98, 40833/98 og 40906/98, 27. apríl 1999, og *Skorkiewicz gegn Póllandi* (ákvörðun) nr. 39860/98). Enn fremur eru þau réttindi, sem eiga rætur að rekja til greiðslna til almannatryggingakerfa, fjárhagsleg réttindi í skilningi 1. gr. samningsviðauka nr. 1 (sjá *Gaygusuz gegn Ausurríki*, dómur 16. september 1966, *Reports of Judgments and Decisions* 1997, bls. 1142, liði 39-41). En jafnvel þó að gert sé ráð fyrir að 1. gr. samningsviðauka nr. 1 tryggi þeim manni lífeyri sem lagt hefur fram fé til almannatryggingakerfis, er ekki unnt að skýra þá grein þannig að hann eigi rétt til ákveðinnar fjárhæðar (sjá *Müller gegn Austurríki*, nr. 5849/72, Commission's Report of 1 October 1975, *Decisions and Reports (D.R.)*, 3, bls. 25, og áðurgreinda ákvörðun í máli *Skorkiewicz gegn Póllandi*). Mikilvægt atriði við mat samkvæmt þessu ákvæði er sú spurning hvort gripið hafi verið inn í rétt kæranda til bóta frá almannatryggingum þannig að grundvöllur lífeyrisréttinda hans hafi verið skertur (sjá *Stanislaw Domalewski gegn Póllandi* (ákvörðun), nr. 34610/97, 15. júní 1999).

40. Í þessu máli hafði kærandi greitt í lífeyrissjóðinn frá 1969 til 1981, samkvæmt tilhögun sem ekki veitti honum kröfu á neinni sérgreinanlegri hlutdeild í sjóðnum, heldur einungis réttindi sem lýsa mátti sem kröfu til

lífeyris að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Því hefur ekki verið haldið fram að þær ráðstafanir sem gerðar voru jafngiltu sviptingu eða aðgerðum til að stjórna nýtingu á eign. Aðilar voru þó sammála um að niðurfelling á lífeyrisgreiðslum til kæranda jafngilti inngrípi í rétt hans til að njóta eignar sinnar í friði í skilningi fyrstu setningar í 1. mgr. 1. gr. samningsviðauka nr. 1. Dómstóllinn sér engin rök fyrir að hafna því álit.

Ríkið andmælti engu að síður því sjónarmiði kæranda að beiting hinna nýju viðmiða gagnvart honum við örorkumat væri ólögmæt, mismunandi og í ósamræmi við þá samfélagslegu hagsmuni sem ætlunin var að þjóna. Hvað lögmætið snertir tekur dómstóllinn fram að Hæstiréttur Íslands hafnaði ólögmætisröksemdum kæranda, og telur ekki ástæðu til að fjalla frekar um þann þátt. Hvað samninginn snertir er það aðalatriði þessa máls hvort meðalhófsreglu hafi verið fylgt.

Í samræmi við það mun dómstóllinn kveða á um hvort sanngjörnu jafnvægi hafi verið náð á milli þeirrar nauðsynjar sem almennir hagsmunir samfélagsins buðu, og þess sem vernd grundvallarréttinda einstaklingsins krafðist. Í því samhengi verður litið til þess hvort óréttmæt mismunun hafi átt sér stað.

Af hálfu ríkisins var fjallað um mál þetta á breiðum grundvelli, þar sem það vakti upp álitæfni um grundvallaratriði íslenska lífeyriskerfisins. Dómstóllinn mun hins vegar takmarka athugun sína við efnislegar aðstæður í máli kæranda.

41. Dómstóllinn veitir strax athygli þeirri röksemd ríkisins sem byggð er á upplýsingum frá lífeyrissjóðnum hinn 14. júlí 2003, þess efnis að jafnvel þó að engar breytingar hefðu verið gerðar á lögum um lífeyrissjóð sjómanna frá 1974 hefði lífeyrisréttur kæranda sennilega verið fallinn niður fyrir 1. júlí 1967 vegna lokaákvæðis 1. mgr. 13. gr., og kærandi hafi því ekki haft réttmætar ástæður að lögum til að vænta fulls örorkulífeyrisréttar fram til 65 ára aldurs. Um þessa röksemd var ekki fjallað af dómstólum í heimalandinu. Virðist hún ekki hafa komið til fyrir en við efnislega meðferð málsins samkvæmt samningnum, og var henni mótmælt af kæranda. Dómstóllinn er ekki sannfærður af því sem haldið hefur verið fram í þessu sambandi, sem byggt er á atvikum sem bæði eru óviss og óskýr, og mun ekki taka tillit til þess við athugun sína nú. Hvað sem öðru líður fellur sú spurning, hvort kærandi kunni að hafa glatað rétti sínum til örorkulífeyris á einhverjum öðrum lagagrunni, utan sviðs þessa máls, sem varðar áhrif þeirra lagabreytinga er öðluðust gildi 1. júlí 1997.

42. Þó að ákvörðun stjórnvalda í heimalandinu að hætta örorkulífeyrisgreiðslum til kæranda hefði verið tekin án tillits til tekna af skrifstofustarfi hans mun dómstóllinn taka tillit til til þeirra tekna við athugun á því hvort meðalhófs hafi verið gætt samkvæmt 1. mgr. 1. gr. samningsviðauka nr. 1.

Í því sambandi skal tekið fram að hinar nýju lífeyrisreglur voru settar vegna þess að með réttu mátti telja nausynlegt að bregðast við fjárhagsvanda sjóðsins.

Enn fremur voru þær breytingar sem gerðar voru hvað snertir rétt til lífeyris byggðar á hlutlægum viðmiðum, þ.e. á skyldubundnu, læknisfræðilegu endurmati á getu hvers örorkulífeyrisþega til að stunda ekki aðeins sama starf og það sem hann stundaði áður en örorka kom til, heldur störf almennt (sbr. *Bucheñ gegn Tékklandi*, nr. 36541/97, 75. liður, 26. nóvember 2002), og gildi það viðmið þegar á Íslandi á öðrum atvinnusviðum. Að því er ríkið lýsti yfir var hinum nýju reglum um örorkumat ætlað að tryggja að allmargir sjómenn fengju ekki örorkulífeyri frá sjóðnum meðan þeir væru í fullu starfi í landi. Í þeim hópi örorkulífeyrisþega var kærandi. Eitt hundrað og fjórir – sem er yfir 30% – þeirra 336 sem nutu örorkulífeyris hinn 1. júlí 1997, urðu fyrir verulegri réttindaskerðingu. Réttur 60 þeirra minnkaði um hlutfall sem nam frá 50% til 100%.

Dómstóllinn hefur einnig í huga þá yfirlýsingu ríkisins að samhliða ofangreindum breytingum hafi lög 94/1994 einnig haft í för með sér að dregið var verulega úr ellilífeyrisgreiðslum sjóðsins.

43. Hins vegar vekur það mjög athygli dómstólsins að kærandi tilheyrði litlum hópi 54 lífeyrisþega (um 15% þeirra 336 sem minnst var á hér að ofan) sem ólíkt öllum öðrum hópum mátti sæta því að vera algerlega sviptur lífeyrisgreiðslum 1. júlí 1997. Erfitt virðist að samræma það hinum réttmætu áhyggjum af fjárhagsstöðu sjóðsins, að eftir 1. júlí 1997 hélt yfirgnæfandi meiri hluti hinna 689 örorkulífeyrisþega áfram að njóta örorkulífeyris sem var jafn hár og áður en hinar nýju reglur voru teknar upp, en um leið varð lítil minni hluti örorkulífeyrisþega að bera þungann af þeirri ráðstöfun sem róttækust var af öllum, sem var algjör niðurfelling lífeyrisréttar. Enda þótt rétt sé að hafa hliðsjón af þörfum lífeyrisþega þegar reglum um lífeyrisrétt er breytt, telur dómstóllinn að sú mismunandi meðferð ein sér bendi til þess að hinu umdeilda ráðstöfun hafi ekki verið réttlætunleg samkvæmt 14. gr., og hlýtur sú niðurstaða að vega þungt þegar metið er hvort meðalhófs hafi verið gætt samkvæmt 1. gr. sammingsviðauka nr. 1.

44. Mismununareðli þessa inngríps er enn alvarlegra fyrir þá sök að það kom niður á kæranda á sérstalega harkalegan hátt, með því að hann var sviptur þeim örorkubótum sem hann hafði reglulega notið í tæp 20 ár. Hann gerðist félagi í lífeyrissjóðnum árið 1969 og hafði greitt í hann í tæp 10 ár þegar hann varð fyrir slysi sem gerði hann algerlega ófæran um að gegna sjómannsstörfum. Samkvæmt 13. gr. laga um lífeyrissjóð sjómanna frá 1974 átti að meta örorku aðallega á grundvelli vanhæfni til að gegna því starfi sem viðkomandi hafði gegnt og aðild hans að sjóðnum var tengd á þeim tíma er slysið varð. Hæstiréttur Íslands taldi að fyrir hendi væri ótvíræður réttur til að fá örorku þannig metna. Dómstóllinn telur að kærandi hefði með

réttu mátt búast við að örorka hans yrði áfram metin á grundvelli vanhæfni hans til að gegna fyrra starfi.

Hafa verður í huga að samkvæmt fyrri reglum var það ekki ósamrýmanlegt fullum örorkulífeyrisrétti sjóðfélaga að hann stundaði arðbæra atvinnu, svo framarlega sem lífeyririnn væri ekki hærri en sem svaraði tekjutapi hans. Það var skiljanlegt að kærandi skyldi, eftir að hann varð ófær til sjómannsstarfa, sækjast eftir annarri vinnu um leið og hann naut örorkulífeyris, eins og margir aðrir örorkulífeyrisþegar gerðu, hvattur til þess af því lífeyriskerfi sem hann hafði árum saman lagt fé til.

Það skiptir hér máli að þegar kærandi tapaði lífeyrisrétti sínum hinn 1. júlí 1997 var það ekki vegna aðstæðna sem hann vörðuðu, heldur vegna lagabreytinga sem breyttu viðmiðum um örorkumat. Enda þótt hann væri enn talinn 25% öryrki til almennra starfa var hann sviptur örorkulífeyrisrétti sínum öllum, sem á þeim tíma aflaði honum hvorki meira né minna en 30% mánaðarlegra brúttótekna, að því er leiða má af þeim tölum sem lagðar hafa verið fyrir dómstólinn.

45. Með ofangreint í huga telur dómstóllinn að á kæranda hafi, sem einstakling, verið lögð óhóflega íþyngjandi byrði, sem þrátt fyrir hið mikla svigrúm sem ríkinu ber að játa á sviði félagsmálalöggjafar verður ekki réttlætt með þeim réttmætu sjónarmiðum sem stjórnvöld treystu á. Öðru máli hefði gegnt hefði kærandi verið látinn sæta sanngjörnum og samræmdum frádrætti í stað algerrar sviptingar á rétti sínum (sjá *Müller gegn Austurríki og Skorkiewicz gegn Póllandi*, sem til var vitnað hér að ofan, og að breyttu breytanda *James gegn Bretlandi*, dómur 21. febrúar 1986, flokkur A nr. 98, 54. lið, og *Lithgow o. fl. gegn Bretlandi*, dómur 8. júlí 1986, flokkur A nr. 102, 121. lið).

Samkvæmt ofangreindu hefur brot gegn 1. gr. samningsviðauka nr. 1 átt sér stað í máli kæranda.

B. Meint brot gegn 14. gr. samningsins í samhengi við 1. gr. samningsviðauka nr. 1.

46. Kærandi hélt því enn fremur fram að brotið hefði verið gegn 14. gr. samningsins í samhengi við 1. gr. samningsviðauka nr. 1, og byggði hann það að meginstefnu til á sömu rökum og þeim sem lágu að baki kæru hans samkvæmt hinu síðarnefnda ákvæði einu sér.

47. Dómstóllinn, sem þegar hefur tekið tillit til röksemda kæranda í athugun sinni á kæru hans samkvæmt 1. gr. samningsviðauka nr. 1, telur að ekki sé um að ræða aðskilið álitaefni samkvæmt 14. gr., og að ekki sé því ástæða til athugunar málsins samkvæmt hinum tveimur ákvæðum í samhengi.

II. BEITING 41. GR. SAMNINGSINS

48. 41. grein samningsins er svohljóðandi:

„Dómstóllinn skal ef nauðsyn krefur veita sanngjarnar bætur til þess aðila sem orðið hefur fyrir tjóni ef hann kemst að þeirri niðurstöðu að um brot á samningnum eða samningsviðaukum við hann hafi verið að ræða og ef löggjöf viðkomandi samningaðila heimilar aðeins að veittar séu bætur að hluta.“

A. Tjón*1. Fjárhagslegt tjón*

49. Kærandi krafðist bóta fyrir það fjárhagslega tjón sem hann hefði orðið fyrir vegna niðurfellingar á örorkulífeyrisgreiðslum til sín hinn 1. júlí 1997. Krafa hans nam í heild kr. 39.524.772 (sem nú samsvarar um 450.000 evrum) í eftirtöldum liðum:

(a) Kr. 12.637.600 (um 143.000 evrur) fyrir sviptingu lífeyrisréttar, sundurliðaðar í

(i) kr. 9.373.300 fyrir tap á lífeyri sínum (kr. 61.356 á mánuði til 65 ára aldurs), og

(ii) kr 3.264.300 fyrir tap á barnabótum vegna barna sinna þriggja (sjá 17. lið hér að ofan), ásamt

(b) dráttarvöxtum af ofangreindum fjárhæðum frá 1. júlí 1997 til greiðsludags, sem hinn 26. nóvember 2003 námu kr. 26.887.172 (um 305.000 evrum).

50. Ríkið mótmælti þessari kröfu, og hélt því fram að hvað sem liði þeim lagabreytingum sem öðluðust gildi 1. júlí 1997 hefði réttur kæranda til örorkulífeyris átt að falla niður átt fyrir þann dag, vegna tekna af skrifstofustarfi hans (lokasetning 1. mgr. 13. gr. laga um lífeyrissjóð sjómanna frá 1974).

51. Dómstóllinn telur víst að kærandi hafi orðið fyrir fjárhagslegu tjóni vegna brotsins og telur að honum beri að greiða bætur í eðlilegu samræmi við það. Ekki er unnt að dæma honum kröfu hans til fulls, einmitt vegna þess að sanngjarn og samræmdur frádráttur frá lífeyrisréttindum hans hefði ekki verið andstæður réttindum hans samkvæmt samningnum (sjá 45. lið hér að ofan). Með hliðsjón af þeim tölum sem kærandi hefur lagt fram og út frá sanngirnissjónarmiðum eru honum því að álitum dæmdar 60.000 evrur samkvæmt a-lið hér að ofan og 15.000 evrur samkvæmt b-lið, ásamt sköttum þeim, sem kunna að leggjast á þær fjárhæðir.

2. Ófjárhagslegt tjón

52. Kærandi krafðist þess einnig að honum yrðu dæmdar kr. 3.000.000 (sem nú samsvara um 34.000 evrum) í bætur fyrir ófjárhagslegt tjón sitt af þjáningum og hugarangri sem honum hefði verið valdið með hinni

mismunandi sviptingu örorkulífeyrisréttar og því fjárhagslega öryggisleysi sem hún leiddi af sér.

53. Ríkið krafðist þess að öllum kröfum um bætur fyrir ófjárhagslegt tjón yrði hafnað.

54. Dómstóllinn telur að kærandi hafi liðið hugarangur og þjáningu vegna brotsins, sem ekki verður bætt fyrir með þeirri niðurstöðu dómstólsins einni saman að brot hafi verið framið, og dæmir honum því 1.500 evrur samkvæmt þessum lið.

B. Kostnaður og útgjöld

55. Kærandi krafðist greiðslu á lögfræðikostnaði og útgjöldum sem hann hefði orðið fyrir á tímabilinu frá 15. janúar 1997 til 25. nóvember 2003, alls kr. 3.610.392 (sem nú samsvara um 41.000 evrum), samkvæmt eftirfarandi liðum:

(a) Kr. 2.837.100 fyrir störf lögmanns síns (111,25 klst fyrir héraðsdómi, 67 klst fyrir Hæstarétti, og 112,25 klst fyrir hinum evrópska dómstól, á kr. 9.800 hverja),

(b) kr. 695.090 í virðisaukaskatt af ofangreindu, og

(c) kr. 78.202 í ýmis útgjöld.

56. Ríkið andmælti ekki ofangreindri kröfu.

57. Dómstóllinn er ekki sannfærður um að allur hinn ofangreindi kostnaður hafi verið réttur og nauðsynlegur. Hann dæmir því kæranda 20.000 evrur að álitum, og er virðisaukaskattur þar innifalinn.

C. Dráttarvextir

58. Dómstóllinn telur að dráttarvextir skuli miðast við almenna útlánsvexti Seðlabanka Evrópu, og að við þá skuli bæta 3%.

ÞVÍ DÆMIR DÓMSTÓLLINN SAMHLJÓÐA

1. *Að* brotið hafi verið gegn 1. gr. samningsviðauka nr. 1,
2. *Að* ekki sé um að ræða aðskilið álitaeftni samkvæmt 14. gr. samningsins í samhengi við 1. gr. samningsviðauka nr. 1, og að ekki sé því ástæða til athugunar málsins samkvæmt þeim ákvæðum;
3. *Að*
 - (a) ríkið skuli greiða kæranda, innan þriggja mánaða frá því er dómur þessi verður endanlegur samkvæmt 2. mgr. 44. gr. samningsins,

eftirtaldar fjárhæðir, sem yfirfæra skal í gjaldmiðil þess á gengi greiðsludags:

- (i) 75.000 (sjötíu og fimm þúsund) evrur í bætur fyrir fjárhagslegt tjón;
 - (ii) 1.500 (eitt þúsund og fimm hundruð) evrur í bætur fyrir ófjárhagslegt tjón;
 - (iii) 20.000 (tuttugu þúsund) evrur í kostnað og útgjöld, og
 - (iv) skatta þá sem kunna að leggjast á ofangreindar fjárhæðir;
- (b) að frá lokum hins þriggja mánaða frests og til greiðsludags skuli greiða vexti á ofangreindar fjárhæðir, jafnháa almennum útlánsvöxtum Seðlabanka Evrópu að viðbættum 3%, og

4. Að bótakröfum kæranda sé að öðru leyti vísað frá.

Gert á ensku og tilkynnt skriflega hinn 12. október 2004 samkvæmt 2. og 3. mgr. 77. gr. starfsreglna dómstólsins.

S. DOLLÉ
Ritari

J.-P. COSTA
Forseti

Samkvæmt 2. mgr. 45. gr. sammingsins og 2. mgr. 74. gr. starfsreglna dómstólsins er sératkvæði frá Thomassen um forsendur viðfest við dóm þennan.

J.-P.C.
S.D.

SÉRATKVÆÐI THOMASSEN DÓMARA

Ég er sammála meiri hluta dómenda um að brotið hafi verið gegn 1. gr. sammingsviðauka nr. 1 í máli þessu.

Niðurstaða mín byggist hins vegar á öðrum forsendum.

Þegar fjármagn er takmarkað og til að unnt sé að halda uppi réttlátu félagslegu tryggingarkerfi verður ríki að vera frjálst að breyta skilyrðum örorkulífeyrisréttar. Að því leyti til virðist sjónarmið meiri hlutans ekki vera frábrugðið mínu.

Meiri hlutinn telur hið mismunandi eðli ráðstöfunarinnar hafa mikla þýðingu. Í því samhengi tekur hann fram að kærandi hafi tapað örorkulífeyrisrétti sínum að fullu, meðan 85% örorkulífeyrisþeganna nutu áfram lífeyris síns.

Ég er ekki sátt við þessa röksemdafærslu, þar sem ég lít svo á að það, að aðeins 15% lífeyrisþega hafi tapað lífeyrisrétti sínum, geti ekki af sjálfu sér leitt til þeirrar niðurstöðu að ráðstöfunin hafi verið blandin óréttmætri mismunun. Kærandi tapaði lífeyrisrétti sínum eftir að örorka hans var endurmetin af lækni sem taldi hann geta unnið almenn störf. Því verður aðstöðu hans ekki jafnað til aðstöðu annarra örorkulífeyrisþega, sem taldir voru hafa orðið fyrir meiri skerðingu á starfsgetu og sem þess vegna nutu áfram annað hvort fulls eða takmarkaðs örorkulífeyris.

Engu að síður er ég sammála meiri hlutanum um að nýju reglurnar komu svo harkalega niður á kæranda, að breytingarnar á hinu félagslega tryggingarkerfi lögðu á hann óhóflegar byrðar. Hann naut að vísu launa fyrir fullt starf og hélt fullum ellilífeyrisrétti. En er læknir hafði árið 1997 ákvarðað örorkuhlutfall hans samkvæmt hinum nýju reglum tapaði hann strax að því mati loknu þeim lífeyri sem hann hafði notið um 20 ára skeið. Það er sá skortur á viðeigandi umbóttunartíma, sem kynni að hafa gert kæranda kleift að laga aðstæður sínar að hinum nýju reglum, sem að mínu áliti má telja að feli í sér brot á 1. gr. sammingsviðauka nr. 1.